

Fundargerð aðalfundar Umf. Hvatar

Fimmtudaginn 27. febrúar 2025 kl. 17:00 í norðursal Íþróttamiðstöðvarinnar á Blönduósi.

Mættir eru; Grímur Rúnar Lárusson, Greta Björg Lárusdóttir, Ævar Ingi Grímsson og Viktoría Björk Erlendsdóttir.

Gengið var til dagskrár.

- Formaður setur fundinn** – Grímur Rúnar Lárusson, formaður Umf. Hvatar setti fundinn.
- Kosinn fundarstjóri og fundarritari** - Formaður lagði til að Greta Björg Lárusdóttir yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt einróma. Fundarstjóri tók þegar til starfa. Fundarstjóri lagði til að Grímur Rúnar Lárusson verði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.
- Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.** Fundarstjóri lagði fram fundargerð síðasta aðalfundar dags. 26. febrúar 2024 til samþykktar og var hún samþykkt.
- Formaður flytur ársskýrslu félagsins** – Grímur Rúnar Lárusson, formaður, flutti ársskýrslu félagsins.
- Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar** – Grímur Rúnar Lárusson fór yfir ársreikning aðalstjórnar og samstæðureikning félagsins vegna ársins 2024.
- Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar** - Grímur gaf fundarmönnum kost á að spyrja um reikningana og ársskýrsluna og bar þá svo undir fundinn. Voru ársreikningarnir og ársskýrslan samþykkt samhljóða.
- Lagabreytingar** – Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.
- Stjórnarkjör aðalstjórnar**
 - Kosinn formaður**, Grímur Rúnar gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.
 - Kosinn varaformaður**, Auðunn Steinn gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.
 - Kosinn gjaldkeri**, Greta Björg gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.
 - Kosinn ritari**, Arnór Guðjónsson gaf kost á sér og var það samþykkt.
 - Kosinn meðstjórnandi** Aðalbjörg Valdimarsdóttir gaf kost á sér í stað Snædísar S. Aðalbjörnsdóttur og var það samþykkt.
- Kosnir tveir skoðunarmenn og einn til vara** – Kristín Ingibjörg Lárusdóttir og Ingunn María Björnsdóttir gáfu kost á sér sem skoðunarmenn og var það samþykkt. Magdalena Berglind Björnsdóttir gaf kost á sér til vara og var það samþykkt.
- Kosning fulltrúa og varafulltrúa á ársþing USAH**

Greta Björg Lárusdóttir og Grímur Rúnar Lárusson munu mæta fyrir hönd aðalstjórnar Hvatar á ársþing USAH þann 16. mars nk. Var það samþykkt samhljóða. Formaður upplýsti að Guðmunda Rán Skúladóttir muni mæta fyrir hönd sunddeildar Hvatar, Ingunn María Björnsdóttir fyrir hönd körfuboltadeildar Hvatar, Sara Björk Þorsteinsdóttir fyrir hönd frjálsíþróttadeildar Hvatar og Gunnlaug Kjartansdóttir fyrir hönd knattspyrnudeildar Hvatar.

11. Önnur mál

a. **Ársreikningur knattspyrnudeildar Umf. Hvatar.**

Þar sem ársreikningur knattspyrnudeildar Hvatar vegna ársins 2024 var ekki tilbúinn fyrir aðalfund deildarinnar sem haldinn var þann 24. febrúar sl. var ársreikningurinn nú kynntur og borinn undir samþykki. Var hann samþykktur samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15.